



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 6. fundur stjórnar KLÍ, 2009-2010  
**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ  
**Hvenær:** Fimmtudag. 08.10.09 kl. 17:30  
**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Helga Sigurðardóttir (HS) ritari  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK)  
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður

**Boðuð forföll:** Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Reynir Þorsteinsson (RS) fundarritari  
Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ) varamaður

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** PI

**Helstu mál:** Starfsmannamál, Deildarupphaf

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 5. fundar 2009-2010 samþykkt með ábendingu frá GS að hann hafi ekki fengið fundargerðina senda.

#### 2. Starfsmannamál

Nú þegar HIJ hefur látið af störfum þarf að leita að nýjum starfsmanni. PI lagði til að til að byrja með yrði auglýst á heimasíðu KLÍ, því æskilegt væri að starfsmaður þekkti til í keilunni eða að minnsta kosti í íþróttumhverfinu. Annað hafi verið reynt en ekki borið góðan árangur. PI ætlar að leita að upphaflegri auglýsingu og setja uppfærða útgáfu á netið. Umsóknarfrestur verður til 15. október. GS stakk uppá að starfslýsing yrði líka sett þar, og var það samþykkt.

#### 3. Deildarupphaf

Deildirnar hófust í vikunni en grunnurinn til innsláttar var ekki alveg til búinn og réði þar mestu breytingarnar sem gerðar voru á kvennadeildinni helgina á undan. Einnig var ekki notað nýjasta útgáfa af skjalinu þannig að PH þurfti að endurvinnna breytingar sem hann hafði áður gert. Grunnurinn var síðan nokkurn veginn tilbúinn á þriðjudag en ákveðið var að ljúka uppfærslum á félagi og liðaskiptum áður en farið væri að skrá skorið.

Næst var fjallað um að KDK-A hafði notað leikmann í fyrstu umferð sem skráður var í annað lið. Kom hann inn sem þriðji maður sem varð til þess að liðið keppti með blind skor. Stjórn var sammála um að KDK-A hefði tapað leiknum 20-0 fyrir að leika með ólöglegan mann, og þar sem hinir hefðu ekki fengið að leika tveir skildi þeirra skor ekki fara inn deildargunninn.

#### 4. Önnur mál.

PI bar undir fundarmenn hvort einhverjar athugasemdir væru við nýjar reglur í Sjóvá mótinu sem sendar voru inn af ÍR. Engar athugasemdir komu fram.

Umræða var um meðaltal og hvað hægt sé að gera til að koma þeim málum í höfn. PI var í sambandi við PH og hann ætlar að klára liða og félagaskiptauppfærslu áður en hann fer í meðaltalið. Hann hefur einnig boðið KLÍ að mæta með nokkra áhugasama sem vilja læra að uppfæra og gefa út meðaltal þannig að vinnan dreifist meira. Á þetta við um næstu útgáfu meðaltals. Nokkur nöfn komu fram, en leita á að fleirri áhugasömum.

Ekki var ákveðin tímasetning á næsta fundi, og fer það svolítið eftir umsóknum um starfsmann.